

Miðvikudaginn 11. desember 1991.

Nr. 451/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Heiðari Þór Guðmundssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.).

Bifreiðar. Akstur án ökuréttinda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1991. Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar á sakfellingu, en að refsing verði þyngd og fremur ákveðin sem varðhald en fésekt.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu sektarrefsingar, er lög leyfa.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsíákvæða.

Við refsíákvörðun ber að líta til sakaferils ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er refsing hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Heiðari Þór Guðmundsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsens hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Grindavíkur 4. september 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 4. september, er í sakadómi Grindavíkur af Sigurði H. Stefánssyni héraðsdómara kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var samdægurs, á grundvelli ákæru ríkissaksóknara, dags. 3. júlí 1991, á hendur Heiðari Þór Guðmundssyni, Víkurbraut 52, Grindavík, fæddum 13. júlí 1958, fæðingarnúmer 649, „fyrir að aka föstudaginn 26. apríl 1991, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-29691 frá Grindavík áleiðis til Reykjavíkur og á þeirri leið norður Grindavíkurveg með allt að 102 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli á Gíghæð, en skammt þáðan stöðvaði lögreglan akstur hans.

Telst þetta varða við 2. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar”.

Föstudaginn 26. apríl kl. 15.25 voru þeir Hrafn V. Ásgeirsson lögreglu- maður og Stefán Thordersen aðstoðarvarðstjóri í eftirliti á lögreglubifreið- inni KS-628 og óku suður Grindavíkurveg á Gíghæð. Veittu þeir þá athygli bifreiðinni R-29691, sem kom á móti þeim. Ratsjá í lögreglubifreiðinni bentu til, að bifreiðinni R-29691 væri ekið með 102 km hraða miðað við klst., en leyfður hámarkshraði á þessum vegarkafli er 90 km miðað við klst. Lögreglan stöðvaði akstur bifreiðarinnar skömmu síðar. Aðspurður af lögreglu kvaðst ökumaður, ákærði í máli þessu, hafa gleymt ökuskírteini heima, en hafa ökuréttindi, útgefin í Keflavík. Við nánari skýrslutöku hjá lögreglu viðurkenndi ákærði að vera sviptur ökuréttindum frá árinu 1981 ævilangt, eins og í ákæru greinir. Aðspurður af lögreglu um hraðann, sem ákærði er talinn hafa ekið á, kvaðst ákærði hafa litið á hraðamælinn, og hefði hann þá sýnt u.þ.b. 95 km miðað við klst. Nánar aðspurður af lög- reglu um akstur sinn kvaðst ákærði hafa sótt vinnu til Reykjavíkur og þess vegna þurft að aka þangað reglulega. Hann hefði svo bara beðið eftir að verða stöðvaður af lögreglu. Hann kvaðst þó ekki gera „þetta að vana sínum að aka sviptur“.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar var við umrædda ratsjarmælingu notuð ratsjá nr. 5, og hafði hún verið prófuð fyrir mælingu kl. 9.30 og eftir mælingu kl. 15.30 og reyndist þá vera í lagi. Aðstæður, þegar mæling fór fram, voru: bjart, skýjað, rigning, rok og vegur blautur.

Ákærði kom fyrir dóm 4. september, og skýrði sjálfstætt að- spurður frá málavöxtum á sama veg og við yfirheyrslu hjá lögreglu 26. apríl 1991.

Ákærði hefur áður sætt eftirtöldum refsingum: [Sakavottorð tilgreinir þrjá refsidóma fyrir umferðarlagabrot og níu dómsáttir, þar af sjö fyrir umferðarlagabrot.]

Með játningu ákærða, skýrslum lögreglu og stutt öðrum gögnum þykir fullsannað, að ákærði hafi framið þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru.

Brot ákærða telst rétt fært til refsíákvæða í ákæruskjali. Refsing skv. 100. gr. laga nr. 50, 1987, þykir hæfilega ákveðin 60.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Heiðar Þór Guðmundsson, greiði sekt, 60.000 kr., í ríkissjóð, sem greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti ákærði 20 daga varðhaldi í hennar stað.

Ákærða ber að greiða allan kostnað vegna máls þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
